

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisveitingar og þjónustu embættis skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

#### 1. gr.

*Byggingarleyfi skv. 43. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.*

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

Byggingarleyfi skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi greiðist óafturkræft afgreiðslugjald kr. 40.940.

Innifalið í afgreiðslugjaldi er skráning umsóknar, yfirferð uppdráttar og útgáfa byggingarleyfis.

Fyrir sérhvert byggingarleyfi greiðist að auki rúmmetragjald sem hér segir:

	kr. pr. rúmmetra
Íbúðarhúsnæði og bílgeymslur	143
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu – verslunar – gistihúsnæði)	113
Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	51
Sumarhús	348

Innifalið í rúmmetragjaldi er útmæling og lögbundnar úttektir ásamt skráningu húss hjá Fasteignaskrá Íslands.

#### 2. gr.

*Framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Lágmarksgjald skal þó að lágmarki vera 23.808 kr. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við undirbúning og lögbundið eftirlit. Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum, er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

#### 3. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Viðurkenning meistara	6.499
Stöðuleyfi	10.607
Aukaúttekt	13.259
Lóðastofnun í grunni Fasteignaskrár Íslands:	
Grunngjald	5.117
Per landnúmer umfram eitt	2.661

#### 4. gr.

*Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2010 og breytast þau 1. janúar hvert ár til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Eldri gjaldskrár byggingarleyfisgjalda falla úr gildi við gildistöku nýrrar.

*Laugarvatni, 7. desember 2010.*

Byggingarfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

**Helgi Kjartansson.**

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2010